

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Mosfellsbæjar.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Mosfellsbæjar, á fundi sínum þann 23. maí 2001.

Breyting felst í þéttingu byggðar norðan Háholts, sunnan og norðan Þverholts og austan Langatanga og norðan Bjarkarholts. Um er að ræða bæði íbúðabyggð og verslunar- og miðbæjartengda starfsemi. Einnig er gert ráð fyrir byggingu kirkju sunnan Þverholts. Skipulagið nær einnig til tengibrautarinnar, Skeiðholts, frá Langatanga að Urðarholti.

Skipulagssvæðið afmarkast til suðurs af Háholti og norðan lóða við Bjarkarholt, til vesturs af Langatanga, til norðurs af byggð norðan Skeiðholts og til austurs sunnan íbúðabyggðar við Urðar-, Njarðar- og Þverholt 2.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu deiliskipulagsins. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og við gildistöku þess falla úr gildi eldri deiliskipulög.

Mosfellsbæ, 27. júlí 2001.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

30. júlí 2001

Nr. 610

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi stofnunarlóðar við Reykjaveg, Mosfellsbæ.

Bæjarráð Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi stofnunarlóðar við Reykjaveg, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 12. júlí 2001.

Breytingin felst í því að byggingarreitur við leikskólann Reykjakot er stækkaður jafnframt því sem búinn er til byggingarreitur fyrir færanlegar leikskólastofur. Gert er ráð fyrir einnar hæðar byggingum. Stærð lóðar er óbreytt.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu deiliskipulagsins. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og við gildistöku þess falla úr gildi eldri deiliskipulagsuppdráttir.

Mosfellsbæ, 30. júlí 2001.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.